

## 13. fundur skólanefndar

<b>Mættir:</b>	<b>Flosi Eiríksson, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson, Hilma Friðriksdóttir fulltrúi nemenda og Andrés Pétursson. Þar að auki tók Finnur Beck þátt í fundinum í gegnum síma.</b>
<b>Forfallaðir:</b>	<b>Guðrún Möller fulltrúi foreldra boðaði forföll</b>
<b>Staður:</b>	<b>Þjónarými</b>
<b>Tími:</b>	<b>Kl. 12:00-13:00      <u>Dags.: 2. september 2015</u></b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn. Hann bauð sérstaklega Hilmu Friðriksdóttur nýjan fulltrúa nemenda velkomna á fundinn.	<b>FB</b>	
<b>1.</b>	<b>Upphaf haustannar 2015</b>	<b>MF</b>	<b>20 mín.</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Skólameistari fór yfir stöðuna. Aðsókn í skólann er gríðarmikil. Nú eru skráðir 1357 nemendur í skólann og eru ársnemarnir 1026. Það er mun meira en skólinn í raun ræður við vegna niðurskurðar í fjármagni til skólans. 105 kennarar eru nú fastráðnir við skólann. Mikill stöðugleiki í mannahaldi. Þrír kennarar hættu vegna aldurs. MK er í góðu samstarfi við grunnskóla Kópavogs varðandi verknám, ensku og stærðfræði. Þó þarf eitthvað að endurskoða þetta samstarf. MK kennir enn við Krýsuvík en Kvennafangelsinu hefur verið lokað. Heilsuskólaverkefninu er að ljúka en það hefur gefið góða raun.</p>		
<b>2.</b>	<b>Ný skólanámskrá MK-tilraunakennsla</b>	<b>MF</b>	<b>15 mín.</b>
	<p>Skólameistari dreifði yfirlitsmynd um hina nýju skólanámskrá. Skýrði helstu nýjungar en stefnt er að því að þeir nemendur sem hefja nám á haustönn klári stúdentsprófið á þremur árum. Skólanámskráin liggur hjá ráðuneytinu en hefur ekki enn fengið formlegt samþykki þaðan. Skólanefnd lýsti yfir undrun sinni á seinagangi ráðuneytisins í þessu máli enda er þegar byrjað að kenna eftir þessari námsskrá. Eftirfarandi bókun var samþykkt;</p> <p><i>„Skólanefnd MK lýsir yfir undrun sinni á seinagangi menntamálaráðuneytisins að samþykkja nýja skólanámskrá MK. Hvetur nefndin ráðuneytið til að hraða vinnu sinni varðandi yfirferð á hinni nýju skólanámskrá.“</i></p>		
<b>3.</b>	<b>Sjálfsmatsskýrsla</b>		<b>15 mín.</b>
	<p>Skólameistari dreifði eintaki af nýrri Sjálfsmatsskýrslu MK. Nefndarmenn höfðu áður fengið sent rafrænt eintak. Umræða. Stjórnin ánægð með góða skýrslu.</p>		
<b>4.</b>	<b>Önnur mál</b>		<b>5 mín.</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
a	Hilma sagði frá starfsemi Nemendafélagsins. Nýnemavígslan og Busaball gengu vel. Framundan er nýnemaferð í Vatnaskóg. Þangað fara 270 nemendur og 8 kennarar. Búið að leggja drög að setja upp leikrit og Tyllidagar eru á sínum stað.		
b	Umræða um stöðu nýbúa í íslensku samfélagi, sérstaklega varðandi tungumálakunnáttu og stöðu þeirra í íslensku skólakerfi.		<b>5 mín</b>
	Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00	<b>FE</b>	

Andrés Pétursson

ritaði fundargerð

*Uppfært mánudagur, 09 nóvember 2015 14:17*